

Reykjavík,
23. júní 2009
JRM

MINNISBLAÐ

Til: Utanríkisráðuneytis vegna samninganefndar Íslands í deilu við Stóra-Bretland og Holland um svokallaða ICESAVE reikninga

Frá: Jakobi R. Möller, hrl., LOGOS lögmansþjónustu

Efni: Lánasamningar á milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og Íslands annarsvegar og Fjársýslu brezka ríkisins svo og hollenzka ríkisins hinsvegar¹

(Í minnisblaðinu verður m.a. vísað til "samninganefndarinnar", þegar átt er við íslenzku samninganefndarinnar eða Íslands eða Tryggingarsjóðsins. Ýmist er vitnað til lánveitenda eða Bretlands og eða Hollands, eða talað um brezka eða hollenzka samninginn. Þar sem vísað er til beggja samninganna í senn er það tíðast gert með því að segja t.d. Bretland/Holland. Greinafjöldi samninganna er ekki nákvæmlega sá sami og stentz ekki alveg á, er þá t.d. vitnað til greina sem hér segir gr. 16/15 og er þá átt við grein 16 í brezka samningnum en 15 í þeim hollenzka.)

Inngangur. Samkvæmt lögum nr. 98/1999, með síðari breytingum, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skal rekinn á Íslandi Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, sjá 2. gr. sbr. 1. gr. laganna, og er hlutverk hans að veita viðskiptavinum fjármálafyrirtækja vernd gegn greiðsluferfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laganna. Núverandi löggjöf um sjóðinn var þáttur í innleiðingu Tilskipunar Evrópusambandsins, 94/19/EC, í íslenzka löggjöf. Við hrun Landsbanka Íslands hf., og annarra íslenzkra viðskiptabanka, í október 2008, kom í ljós að á Tryggingarsjóðinn mundu falla mjög háar kröfur vegna innlána á svokölluðum ICESAVE reikningum í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Stóra-Bretlandi og Hollandi. Haustið 2008 féllst íslenzka ríkisstjórnin á að greiða án viðurkenningar á greiðsluskyldu innstæðueigendum í þessum löndum allt að 20.887 evrum hverjum, sbr. 10. gr. laga nr. 98/1999 að teknu tilliti til endurreiknings vegna gengis. Af hálfu íslenzka ríkisins var ítrekað sagt, að Ísland mundi standa við skuldbindingar sínar án þess að tiltekið væri nákvæmlega hverjar þessar skuldbindingar væru.² Rétt er að nefna, að Stefán Már Stefánsson, prófessor, og Lárus Blöndal, hrl., hafa saman birt nokkrar greinar þar sem þeir rökstyðja, að samkvæmt Evrópurétti hafi íslenzka ríkið fullnægt skyldu sinni samkvæmt Tilskipun 94/19EC með því að

¹ Viðsemjendur Íslands eru: Af hálfu Stóra-Bretlands The Commissioners of Her Majesty's Treasury og af hálfu hollenzka ríkisins Minister of Finance.

² Þann 16. nóvember 2008 var gert samkomulag á milli Íslands og Evrópusambandsins m.a. um „umsamin viðmið“ vegna skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna Tilskipunar 94/19EC. Viðmiðin munu innan stjórnsýslunnar hafa verið kölluð Brussel-viðmiðin, sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/3228>.

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

síðan 1907

setja tryggingarsjóðinn á stofn. Ég beygi mig fyrir víðfeðmri þekkingu Stefáns Má s á Evrópurétti og hlutlægni hans sem fræðimanns, en tel þessa afstöðu í sjálfu sér ekki skipta máli eftir að Íslenzka ríkið lýsti strax á síðasta hausti að greitt yrði í samræmi við það sem greint er að ofan. Mér er tjáð, að samninganefnd Íslenzka ríkisins hafi haldið fast fram samskonar sjónarmiðum við viðsemjendur sína og þeir Stefán Már og Lárus í blaðagreinum sínum. Innan Evrópska Efnahagssvæðisins munu þau sjónarmið engan hljómgrunn hafa fengið, hvorki á meðal viðsemjenda né annarra ríkja, þar á meðal Norðurlanda. Ekki var talið, að brezka ríkisstjórnin féllist á að aflétta beitingu hinna svokölluðu hryðjuverkalaga og þar með frystingu m.a. eigna Landsbanka Íslands hf. í Stóra-Bretlandi nema Íslenzka ríkisstjórnin féllist á að greiða brezkum innstæðueigendum í samræmi við það sem lýst er að framan. Mér er tjáð, að talið hafi verið að í reynd væri komin upp pattstaða, sem skipti Stóra-Bretland litlu fjárhagsmáli³. Á meðan pattstaðan væri uppi, hefði Ísland í reynd verið talið einangrað frá alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Stóra-Bretland og Holland munu hafa þvertekið fyrir að fara með málið fyrir dómstóla eða gerðardóm

Með sambærilegum samningum á milli annarsvegar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og Íslands og hinsvegar Fjársýslu brezka ríkisins svo og hollenzka ríkisins, sem dagsettir eru 5. júní 2009, var samið um annarsvegar lán frá hinum brezku og hollenzku aðilum til tryggingarsjóðsins og hinsvegar ábyrgð Íslenzka ríkisins á endurgreiðslu tryggingarsjóðsins á þessum tveimur lánnum.

Að beiðni samninganefndarinnar hef ég tekið saman þetta minnisblað um nokkur helztu lögfræðileg atriði samninganna, sem einkum hafa verið í opinberri umræðu allra síðustu daga, það er frá því að samningarnir voru birtir opinberlega í vikunni 15.-19. júní. Ég mun ekki fjalla um fjárhagsleg og efnahagsleg atriði samninganna, enda þau ekki í sjálfu sér lögfræðileg.

Samningarnir og afleiðingar þeirra. Af blönduðum lögfræðilegum og fjárhagslegum toga má nefna, að vaxtakostnaður allt að sjö ára yrði mjög þungbær og mun falla til af heildarfjárhæðunum, sem munu vera um 695 miljarðar króna, ef höfuðstóllinn lækkaði ekki mjög fljótlega. Þó verður hér að benda á, að á reikningi Landsbanka Íslands hf. í Stóra-Bretlandi munu vera tvö hundruð miljónir sterlingspunda, sem geta runnið til greiðslu upp í skuldbindinguna, eða um það bil 20% af heildinni og mun vonast til að sú greiðsla geti farið fram á komandi hausti. Verður vaxtakostnaður fyrsta árið því ekki nándar nærri jafnmikill og ella hefði verið, né heldur framvegis þegar greitt hefur verið þannig inn á höfuðstól skuldarinnar. Án slíkrar greiðslu inn á höfuðstól í upphafi mundu þær fjárhæðir sem þessir vextir næmu, vera um það bil 36 miljarðar króna á fyrsta árinu auk vaxtavaxta. Þær fjárhæðir, og þótt lægri væru, yrðu tæpast endurheimtar af eignum Landsbanka Íslands hf. undir slitastjórn, þar sem kröfur um vexti, verðbætur, innheimtu krafna og fleira samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fleira nr. 21/1991 eru eftirstæðar samkvæmt 114. gr. sömu laga og greiðast þá fyrst þegar allar kröfur samkvæmt 109. til og með 113. gr. laganna hafa verið greiddar

Nokkur atriði úr samningunum. Samningarnir báðir við Stóra Bretland og Holland koma mér að mestu fyrir sjónir sem keimlíkir alþjóðlegum lánasamningum með jafngildi sjálfskuldarábyrgðar, þeir eru þó mun styttri en hefðbundnir lánasamningar á milli fyrirtækis sem lántaka og fjármálafyrirtækis sem lánveitanda. Í 4. gr. samninganna eru m.a. ákvæði um heimila greiðslu fyrir gjalddaga að hluta eða öllu leyti í kjölfar tilkynningar sem gefin skal með eigi skemmri fresti en þriggja viðskiptadaga. Slík uppgreiðsluheimild að hluta eða öllu

³ Áhyggjur af bankakerfi og aðrir slíkir hagsmunir voru taldir skipta Breta mun meira máli

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

síðan 1907

leyti er mjög mikilvæg, ekki sízt vegna þess að greiðslan færi inn á höfuðstól og lækkaði vaxtabyrðina sem á félli, sjá að framan um greiðslu tvöhundruð miljóna sterlingspunda. Sé ekki greitt fyrirfram að öllu leyti, skal fyrirframgreiðsla þó nema a.m.k. einni miljón sterlingspunda (brezki samningurinn) eða einni miljón evra (hollenzki samningurinn). Slík fyrirfram-/upp-greiðslu ákvæði eru mun hagkvæmari lántaka en almennt gerist í lánasamningum. Að framan var sagt, að ekki yrði í minnisblaði þessu fjallað um fjárhagsleg og efnahagsleg atriði samninganna, en þó get ég sagt að af almennri þekkingu megji ráða að vaxtafóturinn 5,5% á ári sé ekki tiltakanlega hár miðað við lánasamning til 15 ára.

Hér á eftir mun í minnisblaði þessu verða einkum fjallað um sex samningsgreinar, það er:

- gr. 7 um Comparable Treatment,
- gr. 12.1.5 um Cross Default of Iceland
- gr. 16 með undirgreinum um Change in Circumstances
- gr. 17.1 Governing law og gr. 17.2 um Jurisdiction og
- gr. 18 um Waiver of Sovereign Immunity

Gr. 7 um Comparable Treatment. Samkvæmt ákvæðinu er lánveitendum tryggt að veiti tryggingarsjóðurinn öðrum lánveitendum en Bretlandi og Hollandi betri kjör en samkvæmt samningunum til þess að fjármagna greiðslu krafna innstæðueigenda gegn Íslenskum banka, njóti lánveitendurnir, Bretland og Holland, samskonar skilmála. Jafnframt er í greininni áskilið, að greiði tryggingarsjóðurinn (eða annar sjóður sem stofnaður yrði í stað hans eða við hlið hans) öðrum innstæðueigendum Landsbankans meira en 20.887 evrur, greiði tryggingarsjóðurinn lánveitendum sömu fjárhæð að því tilskildu að lánveitendurnir hafi greitt innstæðueigendum fjárhæð umfram þær 20.887 evrur, sem Tilskipun ESB 19/94/EC áskilur.

Þessi ákvæði um jafna meðferð kröfuhafa eru eðlileg og sambærileg við algeng ákvæði í alþjóðlegum lánasamningum.

Gr. 12.1.5/11.1.5 (Bretland/Holland) um Cross Default of Iceland. Á meðal gjaldfellingarákvæða (Termination Event) eru ákvæði í greininni um það, að vanefni Ísland (eða stjórnarstofnun undir ríkisstjórnar- eða ráðherra valdi) að greiða erlendar fjárhagslegar skuldbindingar sínar á gjaldþaga og vanefndin nemi a.m.k. tíu miljónum sterlingspunda (Bretland og Holland), falli samningurinn niður og eftirstöðvar séu þegar gjaldkræfar. Mér er kunnugt, að þessi ákvæði eru í samræmi við vanefndaákvæði í ýmsum öðrum lánasamningum, sem Íslenska ríkið hefur gert á undanförunum árum og áratugum.

Gr. 16/15 með undirgreinum um Change in Circumstances. Í viðskiptasamningum, ekki sízt alþjóðlegum, er mjög algengt að ákvæði um svokallað „material adverse change“ séu hluti samnings. Vísa ákvæðin til þess að annarhvor samningsaðila geti farið fram á endurskoðun skyldna, t.d. fjárhæðar greiðsluskyldu eða annarar fjárhagslegrar skuldbindingar. Yfirleitt er látið við það sitja að taka fram, að samningsaðili geti farið fram á endurskoðun telji hann aðstæður hafa breytt sér verulega í óhag (material adverse change). Langalgengast mun vera að slík ákvæði séu almennt orðuð án tiltekinna viðmiðana. Ákvæðin kveða yfirleitt ekki á um annað en að aðilar skuli þá taka upp viðræður (í góðri trú, sem er hluti af almennum samningssskyldum), en fela í sjálfu sér ekki í sér skyldu til þess að breyta samningsákvæðum.

Ég þekki engin dæmi þess að í **lánasamningum** (andstætt viðskiptasamningum) séu ákvæði um endurskoðun vegna þess að aðstæður hafi breytt lántaka verulega í óhag.

LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA

síðan 1907

Óhætt er að fullyrða, að slík ákvæði séu að minnsta kosti mjög sjaldgæf. (Þekkt eru vanefnda ákvæði, lánveitanda í hag, sem heimila gjaldfellingu, breytist t.d. rekstur lántaka í verulegum mæli.)

Í 16./15. gr. er kveðið á um það, að sýni útgefin endurskoðun Alþjóða gjaldeyrissjóðsins (í samræmi við svokallaða áætlun sjóðsins og Íslenzkra stjórnvalda) að geta Íslands til þess að standa undir skuldum hafi rýrnað verulega miðað við mat Alþjóða gjaldeyrissjóðsins 19. nóvember 2008, skuldbindi lánveitandi sig til þess að eiga fund með fulltrúum Íslands til þess að ræða stöðuna og taka til athugunar, hvort og þá hvernig láns/ábyrgðarsamningnum skuli breytt í samræmi við breyttar aðstæður.

Hér er nauðsynlegt að hafa í huga, að í nóvember 2008 var samþykkt sameiginleg áætlun Íslenzkra stjórnvalda og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, sem mun hafa sett tiltekin efnahagsleg viðmið með ákveðnum forsendum. Áætlun þessa endurskoðar Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn reglulega og lýsir hvort og þá hvernig forsendur hafi staðizt. Í endurskoðunarákvæði 16./15. gr. eru því tiltekin ákveðin viðmið, það er að segja staðan eins og hún var 19. nóvember 2008 og að ákvæði 16.2/15.1.2 komi til framkvæmda leiði útgefin endurskoðun í ljós frávik frá því sem áætlað hafði verið. Samningsaðilar hafa því hlutlæg viðmið, sem þeir ekki hafa á valdi sínu, til þess að miða við. Hér má og vísa til Brussel-viðmiðananna frá því í nóvember 2008 sem fyrr var getið. Samkvæmt þeim skal m.a. taka tillit til hinna erfiðu og fordæmalausis aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.

Fullyrða má, að ákvæði þessi séu lántaka mjög í hag, og eru ella a.m.k. nánast óþekkt í lánasamningum, og ákvæðin að auki hagfelldari en gengur og gerist í viðskiptasamningum.

Gr. 17.1 Governing law og gr. 17.2 um Jurisdiction. Heppilegt er að fjalla um þessi ákvæði í einu lagi. Stuttlega má segja, að engu höfuðmáli skipti frá Íslenzkum sjónarhóli hvers lands lög gildi um samningana, en eðlilegt að það sé löggjöf eins af samningsríkjunum. Íslenzk og raunar norræn löggjöf er ekki mjög vel þekkt á alþjóða fjármálamörkuðum, hollenzk löggjöf er ekki jafnaðgengileg Íslendingum og brezk, veldur þar hvorutveggja tungumálið og uppruni löggjafarinnar í Lögbók Napoleons. Eðlilegt var að velja enska löggjöf og vegna þess að meginreglur laga í Evrópuríkjum eru a.m.k. sambærilegar ætti þetta ekki að valda vandkvæðum. Ensk fjármálalöggjöf stendur traustum fótum í margra alda hefð alþjóða- og innanlandsviðskipta og Íslendingar hafa um áratugaskeið gert samninga, þar á meðal lánasamninga, sem lúta enskum lögum⁴.

Þótt engum vandkvæðum sé háð, að samningarnir fari eftir enskum lögum, gildir ekki það sama um lögsögu enskra dómstóla. Hér verður þó að hafa í huga, að í marga áratugi hefur Íslenzka ríkið gert lánasamninga sem háðir hafa verið erlendum lögum og undir lögsögu erlendra dómstóla, langoftast enskum lögum og enskra dómstóla, en einnig þýzkum lögum og þýzkra dómstóla, svo og bandarískum lögum, t.d. New York lögum, og undir lögsögu bandarískra dómstóla. Íslenzka ríkið hefur einnig beint og óbeint verið aðili að viðskiptasamningum, þar sem erlendir dómstólar eða gerðardómar hafa haft lögsögu. Hingað til hefur ekki verið talið, að þetta eitt út af fyrir sig feli í sér skerðingu á fullveldi Íslands.

⁴ Sjá til hliðsjónar svokallaðan Rómarsamning (The Rome Convention) frá 19. júní 1980 og samhliða íslenzka löggjöf um lagaskil á sviði samningaréttar, lög nr. 43/2000.

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

síðan 1907

Langalgengast er, að lánasamningar séu háðir lögum lands lánveitandans og undir lögsögu dómstóla í heimaríki hans. Annmarkinn hér stafar ekki í sjálfu sér af því, að annar viðsemjendanna sé brezkur, heldur hinu að viðsemjandinn er brezka ríkið eða ríkisstofnun. Gegn þessum áhyggjum má benda á, að enska réttarkerfið er vafalítið eitt af þróuðustu réttarkerfum í heimi í meðferð ágreiningsmála á fjármálasviði. London hefur verið helzta eða ein helzta alþjóðaviðskiptamiðstöð í heimi a.m.k. frá því um miðja 18. öld og brezkir dómstólar hafa löngu áunnið sér mikið traust fyrir úrlausn ágreiningsmála á fjármálasviði. Ennfremur verður að benda á, að brezkir dómstólar hafa alls ekki það orð á sér að vera hallir undir aðra þætti ríkisvaldsins og væri hægt að benda á fjölmarga dóma, t.d. í mannréttindamálum, þar sem brezkir dómstólar, hvort sem það eru undirréttardómstólar eða áfrýjunar dómstólar, þar með talinn æðsti dómstóllinn, Lávarðadeildin, hafa kveðið upp dóma sem hafa komið framkvæmdavaldinu verulega illa. Engu að síður hefði verið heppilegra að samningarnir væru undir annarri lögsögu en brezkra dómstóla.

Heppilegast hefði vafalaust verið fyrir alla aðila, að alþjóðlegur gerðardómur hefði fengið lögsögu í málum sem varða lausn ágreinings, sem kynni að rísa. Hefði þá jafnframt þurft að semja svo, að hvor aðili skipaði einn mann til gerðar en alþjóðleg gerðarstofnun oddamann, úrlausn slíks gerðardóms hefði aðfararhæfi á Íslandi samkvæmt 14. gr. laga um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989. Mér er tjáð, að af hálfu íslenzku samninganefndarinnar hafi m.a. verið fast sótt á um að lögsaga yrði falin gerðardómi, en viðsemjendur hefðu ekki gefið þess neinn kost. Við þetta verður að bæta, að ekki er algengt að lánasamningar séu undir lögsögu gerðardóma.

Gr. 18/16.3 um Waiver of Sovereign Immunity (Friðhelgi fullvalda ríkis). Í aðfararlögum nr. 90/1989 eru engin ákvæði sem undanþiggja ríkið aðför ef heimta á hér á landi peningakröfur á ríkið sem heyra undir aðfararlögin. Um þetta má einnig vísa til ritsins Aðfarargerðir eftir Markús Sigurbjörnsson⁵.

Eignir erlendis. Í greinum 17/18.3 afsalar íslenzka ríkið sér þeirri vernd sem almennt felst í friðhelgi fullvalda ríkis eins og framast er unnt samkvæmt lögum í viðkomandi lögsögu. Orðalagið felur ekki í sér að engar eigur íslenzka ríkisins erlendis njóti fullveldisverndar. Samkvæmt alþjóðasamningi sem gerður var í Vínarborg 18. apríl 1961 njóta erlendir sendimenn (diplómatar) og eignir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra fullkominnar verndar fyrir íhlutun eða aðför viðkomandi ríkis eða annarra. Samningur þessi hefur verið fullgiltur um allan heim og er með mismunandi móti hluti löggjafar nánast allra ríkja, sbr. t.d. lög nr. 16/1971. Á þessum grunni má fullyrða, að þær eignir íslenzka ríkisins erlendis sem nauðsynlegar eru til rækslu alþjóðlegra samskipta, þar með taldar t.d. sendiráðsbyggingar og bifreiðar sendimanna, njóti verndar Vínarsamningsins þrátt fyrir það sem virðist vera afsal slíkrar verndar í gr. 18/16.3.

Samkvæmt þjóðarétti er hvert fullvalda ríki almennt friðhelgt fyrir aðför í eignum sínum í erlendu ríki að kröfu þarlendra aðila eða þeirra sem halda fram kröfu sinni í samræmi við lög þess ríkis. Þótt þetta sé almenna reglan, gildir hún alls ekki fortakslaust. Eignir ríkis sem sæta að öðru leyti einkaréttarlegum lagaákvæðum yrðu ekki undanþegnar lögsókn eða aðför, ef þeim mætti jafna fullkomlega til starfsemi einkaaðila og væru ekki taldar á neinn hátt til starfsemi sem ríki samkvæmt eðli sínu stundar. Hér mætti taka dæmi, sem ekki er sérlega fjarlægð þessi misserin: Ætti íslenzka ríkið t.d. verzlun í Regent Street í London, sem

⁵Markús Sigurbjörnsson Aðfarargerðir, útgefin af Námssjóði Lögmannafélags Íslands Reykjavík 1995, en þar segir á bls. 20: „...Þá er ríkið ekki undanþegið því að lögum, að fullnustugerð verði beint að því vegna skyldu við einkaaðila, og heldur ekki sveitarfélög eða aðrar lögpersónur af opinberum meiddi.“

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

síðan 1907

Það hefði komið yfir við gjaldþrotaskipti fyrri eiganda og héldi ríkið áfram verzlunarrekstrinum í eigin nafni, leiddi friðhelgi fullvalda ríkis **ekki** til þess að þessi verzlun eða ríkið sjálft gæti borið fyrir sig að óheimilt væri að gera aðför í þessari eign.

Árið 1949 dæmdi enskur áfrýjunardómstóll, Court of Appeal (næstæðsti dómstóll Englands), í máli Tassfréttastofunnar, sem leiddi til þess að brezkir lánveitendur til einstakra ríkja hafa á undanförunum árum gert kröfu um að ríki afsöluðu sér vernd friðhelgi fullvalda ríkis. Mál þetta heitir „Krajina v. Tass Agency“ og taldi áfrýjunardómstóllinn að enskir dómstólar hefðu ekki lögsögu í málum á hendur Tass, enda hafði sovézki ambassadorinn gefið yfirlýsingu um að Tass væri „sovéska ríkisstofnun“⁶. Þótt afsal fullveldisverndarinnar sé óþægilegt og betra hefði verið að komast hjá því, er gjörsamlega ábyrgðarlaust að láta sem í því felist sérstök skerðing fullveldis.

Í Stóra-Bretlandi mun vera í gildi löggjöf sem kölluð er *Sovereign Immunity Act (1978)*, samkvæmt henni eru t.d. inneignir erlendra seðlabanka hjá Englandsbanka undanþegnar aðför í Bretlandi, jafnvel þótt þeir erlendu bankar séu að öllu eign erlends ríkis sem hefði afsalað sér fullveldisvörn og málsaðili fyrir dómi ætti kröfu á það erlenda ríki. Má um þetta vísa til dóms í málinu: *AIC Ltd v. The Federal Government of Nigeria [2003] EWHC 1357*. Samkvæmt þessum dómi m.a. hefði afsal íslenskra ríkisins á fullveldisvörn engin áhrif á fullveldisvörn t.d. Seðlabanka Íslands gegn aðför af hálfu brezkra stjórnvalda.

Eignir innanlands. Að framan er nefnt, að á Íslandi er íslenska ríkið ekki undanþegið aðför. Fræðilega mætti hugsa sér, að íslenska ríkið vanefndi samninga þá sem hér eru til umfjöllunar og viðsemjandinn leitaði til dómstóls á Bretlandi til þess að fá heimild sem meðal annars næði til þess að fá dóminum fullnægt á Íslandi. Íslenska ríkið væri samningsbundið til þess að halda ekki uppi vörnum byggðum á friðhelgi fullvalda ríkis, en gæti bent á reglur Vínarsamningsins, sem dómstólnum væri sjálfsagt rétt að gæta að án kröfu, *ex officio*. Ef vanefndin væri sönnuð, fengi viðsemjandinn væntanlega dóm fyrir kröfu sinni, sem hann yrði þá að freista að fá fullnægt á Íslandi. Í samræmi við reglur hins svokallaða Lúganosamnings sbr. lög nr. 68/1995, yrði dómhafi að fá dóminn viðurkenndan hjá Héraðsdómi Reykjavíkur sem aðfararhæfan til þess að hann yrði viðurkennd aðfararheimild, sbr. 11. tl. 1. gr. laga nr. 90/1989. Við þessa viðurkenningu og eftirfarandi aðför yrði dómhafi að yfirstíga þá hindrun, sem felst í lokasetningu tölulíðarins, það er: „...enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.“ Mér þykir mjög ósennilegt, að það yrði talið samræmast íslensku réttarskipulagi (*ordre public*) að heimila aðför í þeim eignum íslenskra ríkisins sem eru órjúfanlegur þáttur í rækslu þess hlutverks sem er í eðli ríkisins. Mætti hér t.d. nefna Alþingishúsið, Stjórnarráðsbyggingar, vegakerfið o.s.v.frv. Þá þarf einnig að hafa í huga, að fullnusta samkvæmt aðfararlögum er til þess gerð að knýja skuldara til þess að efna skuldbindingu sína með því að gert sé fjárnám í eign hans til þess síðar að hún verði seld á uppboði. Eignin þarf því að hafa þvílíkt fjárhagslegt gildi, að það verði raungert með sölu á uppboði. Ýmsar eignir ríkisins eru í þessum skilningi vafalaust til þess fallnar að verða andlag aðfarar án þess að það brjóti í bága við íslenskt réttarskipulag, það væru þá venjulega eignir sem væru öldungis sambærilegar við samskonar eignir einkaaðila.

⁶ Hér tekið eftir ritinu: Gunnar G. Schram *ÁGRIP AF ÞJÓÐARÉTTI*, bls. 149, útg. ÚLFLJÓTUR Reykjavík 1986

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA


síðan 1907

Lokaorð. Við gerð þessa minnisblaðs hef ég stuðzt við íslenskar réttarheimildir og fræðirit og almenna lögfræðikunnáttu. Rétt er að taka fram, að sérþekking mín í lögfræði er t.d. fremur á sviði alþjóðlegra lána- og viðskiptasamninga en þjóðaréttar í sjálfu sér.

Ég dreg enga dul á, að mér þykir grábölvað að íslenska ríkið skuli hafa talið sig nauðbeygt til þess að gera þá samninga sem hér um ræðir. Þó er afleitt að skamma þá sem reyna að afstýra vanda sem aðrir hafa valdið og láta þá sem freista að afstýra sitja á sakamannabekk.

Mér hefur orðið ljóst, að ýmislegt sem fram hefur komið í opinberri umræðu um samningana er í ætt við þær systur þekkingar- og skilningsleysi. Lítt hefur í mörgum tilvikum verið gætt að þeim kröfum sem gera verður til þeirra sem gefa í skyn að þeir hafi sérfræðiþekkingu á viðkomandi efni.

Virðingarfyllst,



Jakob R. Möller, hrl.

